

# SIÐAREGLUR

## STARFSMANNA LANGANESBYGGÐAR

### Markmið og gildissvið

Reglur þessar ná til allra þeirra sem starfa beint eða óbeint fyrir sveitarfélagið Langanesbyggð hvort sem þeir eru ráðnir sem starfsmenn eða tengjast á einhvern hátt störfum sem sveitarfélagið á aðild að eða skipuleggur með beinum eða óbeinum hætti. Markmið þessara reglna er að skilgreina starfsskyldur, valdmörk, hagsmuni, trúnað, stöðuveitingar, hárteini, viðmót og samskipti þeirra sem vísað er til í reglunum og ætlast er til að viðkomandi sýni af sér við störf sín þar sem þeir koma fram fyrir eða tengjast störfum fyrir sveitarfélagið.

#### 1. Starfsskyldur

Allir sem starfa fyrir eða tengjast störfum fyrir sveitarfélagið samkvæmt ofangreindu skulu í störfum sínum fylgja lögum, reglum og samþykktum Langanesbyggðar. Þeim ber fyrst og fremst að starfa í þágu íbúanna og ber því að setja almannahagsmuni ofar sérhagsmunum, hvort heldur er sínum eigin, annarra einstaklinga eða hópa. Þeir skulu forðast hagsmunaárekstra og ekki nýta sér stöðu sína í þágu einkahagmuna sinna eða annarra hópa eða einstaklinga.

#### 2. Virðing

Þeir sem þessar reglur ná til skulu gæta þess að sýna öðru samstarfsfólk, kjörnum fulltrúum og þeim sem kunna að leita til sveitarfélagsins með erindi; háttvísí, virðingu og fyllstu kurteisi í samskiptum. Þeir skulu virða réttindi og skyldur samstarfsfólks, einkalíf þeirra, skoðanir og rétt þeirra til að koma þeim á framfæri.

#### 3. Valdmörk

Allir sem vinna í nafni sveitarfélagsins skulu gæta þess að fara ekki út fyrir umboð sitt eða starfssvið og virða verkaskiptingu í stjórnerfi innan sveitarfélagsins. Þeir leita samvinnu um úrlausn mála eins og kostur er og sýna störfum, réttindum og skyldum annarra starfsmanna sveitarfélagsins virðingu. Skýr mörk eiga að vera á milli einkalífs og þeirra starfa sem viðkomandi gegnir. Það á einnig við um notkun tölvupósts, bréfsefna og annars sem tengja má við sveitarfélagið.

#### 4. Meðferð hugarbreytandi efna

Öll meðferð áfengis eða annarra hugarbreytandi efna er stranglega bönnuð í störfum fyrir sveitarfélagið. Það á einnig við um þá sem starfa í nafni þess eða störfum sem sveitarfélagið skipuleggur.

#### 5. Ábyrgð í fjármálum

Þeir sem málið varðar og fara með ábyrgð á fjármálum skulu virða fjárhagsáætlun sveitarfélagsins og grundvallarreglur um fjármálastjórnun til að tryggja réttmæta og ábyrga meðferð á almannafé. Við störf sín skulu þeir ekki aðhafast neitt sem falið getur í sér misnotkun á almannafé.

## **6. Hagsmunaárekstrar**

Starfsmönnum sveitarfélagsins sem og öðrum þeim sem starfa á vegum þess er með öllu óheimilt að þiggja greiðslur, gjafir eða önnur hlunnindi frá þeim sem þeir eiga viðskipti við ef túlka má það sem endurgjald fyrir greiða hverju nafni sem sá greiði nefnist.

## **7. Gangsæi og trúnaður**

Allir sem þessar reglur varða skulu njóta sannmælis og sanngirni í störfum sínum og stuðla að gegnsæjum starfsaðferðum og góðum samskiptum á vinnustað. Þeim ber að virða trúnað um það sem þeir fá vitneskju um í starfi og helst sá trúnaður þó þeir láti af störfum.

## **8. Stöðuveitingar**

Störf og/eða stöðuhækkanir hjá sveitarfélagini eru einungis veittar á forsendum hæfni til að sinna starfinu. Öllum sem þessar reglur varða ber að gæta þess í ákvörðunum sínum við val á starfsmönnum að hæfasti umsækjandinn hljóti starfið. Sérstaklega ber að huga að tengslum þess sem veitir starfið eða stöðuhækkanina við þann sem sækir um og skal viðkomandi sem tekur ákvörðun um ráðningu eða stöðuhækken lýsa sig vanhæfan ef skyldleiki eða hagsmunatengsl eru á milli viðkomandi.


## **9. Traust**

Öllum ber að tileinka sér vinnubrögð sem skapað geta traust á starfi þeirra og stofnun eða deild sem þeir vinna fyrir. Þeim ber að gæta að orðspori vinnustaðar í samskiptum utan og í vinnu. Þeir skulu standa vörð um óhlutdrægni og faglegt sjálfstæði en jafnframt axla ábyrgð á eigin ákvörðunum og athöfnum.

## **10. Mannréttindi**

Þessum reglum er ætlað að efla vitund um jafnréttindi og mannréttindi og gegn mismunun í starfi. Hvers konar mismunun á grundvelli kynferðis, kynhneigðar, þjóðernis, skoðana eða þjóðfélagsstöðu er ekki liðin í störfum fyrir sveitarfélagið. Allir sem málið varðar eru hvattir til að leita réttar síns ef þeir telja á sér brotið.

*Samþykkt í sveitarstjórn 2.desember 2021*



A handwritten signature in black ink. Above the signature, the text "Sveitarstjóri" and "Langanesbyggðar" is printed in a smaller font. Below the signature, the name "Jónas Egilsson" is written in a standard font.

Jónas Egilsson, sveitarstjóri